

46. fundur sveitarstjórnar Fljótshrepps, Végarði 1.7. 2025, kl.9:00

Mætt eru: Anna Jóna Árnarsdóttir, Halla Auðunardóttir, Kjartan Benediktsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Jóhann F. Þórhallsson er oddviti í fjarveru Lárusar Heiðarssonar. 1. Varamaður Urður Gunnarsdóttir var fjarverandi og 2. Varamaður Guðni Jónsson var mættur.

Dagskrá:

1. Hamborg undirbúningur framkvæmda og staða fjárhagsáætlunar
2. Hamborg framkvæmdaleyfi
3. Hamborg staða fornleifarannsókna
4. Samkomulag um vegslóða við CI ETF I Fjarðarorku HoldCo ehf
5. Reglur um ágangsfé
6. Leigusamningur um rekstur veitinga við Hengifoss
7. Fundargerðir:
 - a. Skipulags-og byggingarnefndar 23.6.2025
 - b. Fagráðs Minjasafns Austurlands 2.6.2025
 - c. Aðalfundar Ársala 23.6.2025
 - d. Heilbrigðisnefndar 28.5.2025
 - e. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 27.5, 13.6 og 16.6.2025
 - f. Stjórnar Sambands Austfiskra sveitarfélaga 4.6.2025
 - g. Stjórnar Austurbrúar 4.6.2025
8. Ársreikningar:
 - a. Ársala 2024
 - b. Brunavarna á Héraði 2024
 - c. Almannavarnarnefndar Austurlands 2024
9. Skýrsla sveitarstjóra
10. Önnur mál:

1. Hamborg undirbúningur framkvæmda og staða fjárhagsáætlunar

Farið yfir helstu rauntölur og áætlun. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist að fullu í vikulok.

2. Hamborg framkvæmdaleyfi

Á fundi byggingar- og skipulagsnefndar 23. júní 2025 var til umfjöllunar umsókn sveitarfélagsins um framkvæmdaleyfi fyrir jarðvegsskiptum fyrir götum og gangstígum, greftri lagnaskurða og lagningu veitulagna í byggðakjarna í landi Hamborgar í Fljótsdal. Nánar tiltekið eru helstu verkþættir eftirtaldir:

- Jarðvegsskipti í götu.
- Gröftur lagnaskurða.
- Söndun lagnaskurða.
- Lagnavinna.
- Fylling í lagnaskurði.

Með umsókninni fylgdi nýsamþykkt deiliskipulag byggðakjarnans og uppdrættir sem sýndu frágang gatna og fráveitu með heimæðaendum á hverja lóð. Fram kom að áætlaður verktími væri júlí – desember 2025.

Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkti framkvæmdirnar en benti á að útgáfa framkvæmdaleyfis sé háð samþykki sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir framangreindum framkvæmdum í landi Hamborgar í Fljótsdalshreppi í samræmi við 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 enda þær í samræmi við gildandi deiliskipulag svæðisins. Gætt hefur verið ákvæða IV. og VI. kafla laga nr. 80/2012 um menningarminjar en eins og fram kemur í umfjöllun byggingar- og skipulagsnefndar hefur framkvæmdaaðili látið fornleifaskrá framkvæmdasvæðið, fornleifafræðingur mun hafa eftirlit á verkstað við uppúrtekt gatnasvæðis auk þess grafnir hafa verið könnunarskurðir á ákveðnum svæðum. Einnig hefur verið gætt ákvæða laga nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð en á framkvæmdasvæðinu er engin eldri byggð. Byggingarfulltrúa er falið að gefa út framkvæmdaleyfi í samræmi við framangreint.

3. Hamborg staða fornleifarannsóknna

Skýrsla frá Indriða Skarhédinssyni hjá Sagnabrunni kynnt.

4. Samkomulag um vegslóða við CI ETF I Fjarðarorku HoldCo ehf

Samningur um vegslóða fyrir tilraunamöstur í þjóðlendum kynntur. Aðilar gera með sér samkomulag um nýtingu núverandi vegslóða á þjóðlendunni á Múla í Fljótsdal,

auk heimildar til lagfæringar á honum svo sem nánar greinir í samkomulaginu. Samþykkt af sveitarstjórn.

5. Reglur um ágangsfé

Sveitarstjórn bárust 6 umsagnir um drög að reglum um ágangsfé. Sveitarstjóra og lögmanni falið að semja drög að svörum við þeim og jafnframt að skoða hvort og með hvaða hætti mætti vega umsagnirnar inn í reglurnar. Stefnt að því að taka málið til afgreiðslu sveitarstjórnar í haust.

6. Leigusamningur um rekstur veitinga við Hengifoss

Sveitarstjóri gerir grein fyrir framvindu frá því honum var veitt heimild til frágangs málsins á fundi sveitarstjórnar 6. maí sl. þar sem samþykkt var að ganga að tilboði Veiðikofans ehf. sem var það eina sem barst. Sveitarstjórn staðfestir hér með samþykki fyrir því að tímabundinn leigusamningur um veitingarekstur í aðstöðuhúsi á lóðinni Hengifoss sé gerður við Hengifoss Kaffi ehf. (áður Félagsbúið Eyrarlandi ehf.) kt. 610998-2599 sem leigutaka í stað upphaflegs bjóðanda Veiðikofans ehf., kt. 430492-2849 sem eru í eigu og undir stjórn sömu aðila.

7. Fundargerðir:

a. Skipulags-og byggingarnefndar 23.6.2025

Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulag að Víðivöllum ytri 2 og er málinu vísað til auglýsinga í Stjórnartíðindum. Að öðru leyti er fundargerðin kynnt.

b. Fagráðs Minjasafns Austurlands 2.6.2025

Kynnt.

c. Aðalfundar Ársala 23.6.2025

Kynnt. Á aðalfundi var eftirfarandi erindi lagt til varðandi mögulega aðkomu Ársala bs. að byggingu eða kaupum á íbúðarhúsnæði í fyrirhuguðum nýjum byggðakjarna í Hamborg.

d. Heilbrigðisnefndar 28.5.2025

Kynnt.

e. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 27.5, 13.6 og 16.6.2025

Kynnt.

f. Stjórnar Sambands Austfiskra sveitarfélaga 4.6.2025

Kynnt.

g. Stjórnar Austurbrúar 4.6.2025

Kynnt.

8. Ársreikningar:

a. Ársala 2024

Kynnt.

b. Brunavarna á Héraði 2024

Kynnt.

c. Almannaþingarnefndar Austurlands 2024

Kynnt.

9. Skýrsla sveitarstjóra

Farið yfir helstu mál.

10. Önnur mál:

Samþykkt að styrkja Unglingalandsmótið sem haldið verður á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina um kr. 25.000.

Gunnar Gunnarsson kom til fundar sem gestur kl: 11:55.

Tvö erindi bárust frá Gyðu Borg rekstarstjóra í Óbyggðasetrinu þar sem óskað er eftir samtali við sveitarstjórn. Það fyrra um þróun útisvæðis við Laugarfell og hugmyndir um að lengja tímann sem starfsemi er í húsinu.

Það síðara um þróun og uppbyggingu á safnastarfsemi. Safnastarfsemi hefur mikilvægu hlutverki að gegna við varðveislu menningararfs, miðlun sögu og sjálfsmyndar byggðarlaga, auk þess að geta eflt ferðaþjónustu og fjölgað heilsársstörfum í dalnum.

Oddvita og sveitarstjóra falið að halda fund með rekstrarstjóra Óbyggðaseturs.

Gunnar vék af fundi kl: 12:30

Varaoddviti mun leysa sveitarstjóra af í sumarleyfi frá dags. 7. Júlí til 5. Ágúst.

Skrifstofan verður lokað 21. Júlí – 25. Júlí.

Næsti sveitarstjórnarfundur verður þriðjudaginn 12. Ágúst.

Fundi slitið kl: 12:30

Halla ritaði fundargerð í tölvu.

Anna Jóna Árnmarsdóttir

Guðni Jónsson

Halla Auðunardóttir

Kjartan Benediktsson

Jóhann F. Þórhallsson oddviti